

# STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1979

1. júlí 1979.

493

Nr. 278.

## REGLUGERÐ

### fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

#### 1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lánaflokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

#### 2. gr.

##### A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa og þilfarsbáta úr trefjaplasi innanlands. Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.

2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip og þilfarsbáta úr trefjaplasi, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en 66.7%—75% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.

3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta innanlands. Lánsfjárhæð má hæst vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 8 ár.

4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár vegna kaupa á aflvél og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta. Áskilin er sérstök aukatrygging ef bátur er orðinn 12 ára.

5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.

Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.

6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip.

Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.

B 61

7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.  
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár.  
Áskilin er sérstök aukatrygging.
8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.  
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár.  
Áskilin er sérstök aukatrygging.
9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.  
Lánsfjárhæð má hæst vera 66,7% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár að frádregnum aldri skips. Áskilið er, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innstæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innstæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innstæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.
10. Lán leidd af lánnum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).  
Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxta-greiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.
11. Skipasmíðalán.  
Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því, sem framkvæmdum miðar. Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.  
Heimilt er að veita skipasmíðastöðvum slík bráðabirgðalán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands og kemur þá sjálfsskuldarábyrgð viðskiptabanka í stað veðs.

### B. Fasteignalán II.

- Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
- Lán til sildarverksmiðja og fiskimjölverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
- Lán til fiskvinnsluhúsa annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
- Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

#### 3. gr.

Til tryggingar lánnum úr öllum skipalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. A, er alltaf áskilinn 1. — fyrsti — veðréttur í skipinu, bátnum eða nýsmíðinni.

Vextir af lánnum til nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis (liður nr. 9 í 2. gr. A) skulu vera þeir sömu og Fiskveiðasjóður greiðir af erlendu innstæðunni og ákveður Fiskveiðasjóður vaxtaþrósentuna með hliðsjón af vöxtum erlenda frumlánsins.

Vextir af lánnum úr öllum öðrum skipalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. A (þ. e. a. s. Skipalán II, liður nr. 1—11, að frátöldum lið nr. 9) verða þeir vextir, sem

stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Gjalddagar þessir eiga þó ekki við bráðabirgðalán vegna skipa í smíðum, sbr. lið nr. 11, né lán vegna skipakaupa erlendis sbr. lið nr. 9.

Hámarkslán úr fasteignalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. B, er 60% miðað við 1. veðrétt, en minnkar sem nemur áður áhvilandi lánnum ef 1. veðréttur fæst ekki. Hámarkslánstími er 10—15 ár vegna nýbygginga og 5 ár vegna endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

Vextir af lánnum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

#### 4. gr.

Við ákvörðun hámarkslánsfjárhæðar skal alltaf miða við kostnað framkvæmda eða virðingu verðmætisaukningar vegna framkvæmda þá upphæðina, er lægri reynist. Ef um tjónabætur er að ræða, eru þær dregnar frá mats- og kostnaðarverði.

#### 5. gr.

Eftir 1. janúar 1972 hafa ekki verið veitt og afgreidd ný lán úr þeim lánaflokkum, er til voru fyrir 1. janúar 1972, öðrum en eftirtöldum:

- a) Lán í dollurum eða annarri erlendri mynt vegna véla- og tækjakaupa í skip, sem eru 75 rúmlestir og stærri. Þessi lán eru endurlán erlendra lána með sömu kjörum og þau. — Stjórn sjóðsins ákveður nánar hvort og hvenær lán eru veitt úr þessum flokki.
- b) Gengisjöfnunarlán.
- c) Ný lán úr þessum flokki verða með þeim kjörum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma.
- d) Lán leidd af lánnum vegna skipakaupa erlendis. Lán í erlendri mynt vegna skipakaupa erlendis, sem veitt voru og afgreidd fyrir 1. janúar 1972, mynda svonefnd afleidd lán. Þessi afleiddu lán dreifast á eldri lánaflokk.
- e) Lán tryggð með veði í skipasmíðastöðvum.

Þessi lán eru endurlán lána úr Framkvæmdasjóði Íslands og með sömu kjörum og þau.

#### 6. gr.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði, veitt og afgreidd frá 1. janúar 1972 til 1. júlí 1979 önnur en bein endurlán, gengisjöfnunarlán og vísitölutryggð lán, skulu vera háð breytingum á gengi íslenskrar krónu eða breytingum á gengi hvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í (sbr. heimild í 16. gr. 1. nr. 44/1976). Séu lánin ekki beinlínis í erlendri mynt, skal tilgreint í veðskuldabréfi hve hár hundradshluti eftirstöðva lánsins á hverjum tíma sé háður breytingum á gengi. Framkvæmd þessara ákvæða skal vera á þann veg, að breytist gengi íslenskrar krónu, eða breytist gengi einhvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í, skal Fiskveiðasjóður deila þeirri fjárhæð, sem erlendar skuldir sjóðsins, aðrar en þær sem hafa verið endurlánaðar beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um í krónutölu vegna gengisbreytingarinnar, niður á þau lán úr sjóðnum, er háð eru breytingum á gengi í réttu hlutfalli við þann hluta ógreiddra eftirstöðva viðkomandi lána, sem háður er slíkum breytingum, þannig, að eftirstöðvar þessara lána hækki eða lækki þá þegar samtals í krónutölu um sömu fjárhæð og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, aðrar en þær, sem endurlánaðar hafa verið beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um. Við niðurdeilingu af þessu tagi skal eingöngu miðað við útborgaðan hluta lána. Hækki eða

lækki erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs af þessum sökum svo verulega í krónutölu, að ekki rúmist innan þeirra marka, er viðkomandi veðskuldabréf sjálf setja, þer sjóðurinn sjálfur það tap eða fær þann hagnað, sem á milli ber. Við alla túlkun á orðalagi þessarar málsgreinar skal það vera höfuðviðmiðun, að Fiskveiðasjóður verði skaðlaus af öllum gengisbreytingum.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði veitt og afgreidd eftir 1. júlí 1979, önnur en bein endurlán, gengisjöfnunarlán og vísitölutryggð lán, skulu vera í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands. Reikningseiningarnar skulu, fyrst um sinn, og þar til annað verður ákveðið, vera skilgreindar þannig að 1 — ein — reikningseining Fiskveiðasjóðs er jafnvirði 1 — eins — S.D.R.

S.D.R. er skammstöfun á Special Drawing Rights, sem er reikningseining Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og reiknast samkvæmt reglum hans.

Meðan þessi skilgreining gildir um reikningseiningar Fiskveiðasjóðs Íslands telst gengi reikningseininganna vera hið sama og sölugengi S.D.R. (Special Drawing Rights).

Öll meðferð lána í slíkum einingum verður með sama hætti og meðferð lána í erlendra mynt, þó skal endurgreiðsla aldrei fara fram á lægra gengi en útborgunargengi hvers láns.

Sú hækkun sem verða kann á krónutölu afborgana og vaxta lána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs (S.D.R.) miðað við upphaflegt krónutölugildi færast Fiskveiðasjóði til tekna, en fellur ekki undir þá útjöfnunaraðferð, sem áður gilti sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar.

#### 7. gr.

Opnaður hefur verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánnum. Öllum lántakendum, sem loforð fá eða hafa fengið um lán að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokkka, sem taldir eru í 2. gr., aðra en þá, sem taldir eru í 9., 10. og 11. tölulið A-liðar, skal skylt að taka 10 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánnum og verða til jafnlangs tíma og þau, þó aldrei til lengri tíma en 15 ára. Eigi lántaki rétt á láni til lengri tíma en 15 ára skal lánið í þessum flokki vera til 15 ára, en afborganir af samhliða láninu vera lægri fyrstu 15 árin, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

Lán úr þessum flokki skal endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum og er gjalddagi þeirra 20. júlí ár hvert.

Af lánunum skal greiða í vexti  $5\frac{1}{2}\%$  á ári og greiðast vextirnir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, í fyrsta sinn næsta 20. júlí eftir að lán er afgreitt.

Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánnum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánnum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum sammingsbundnu endurgreiðslum lánanna.

Af lánunum skal greiða við afgreiðslu 2% í lántökugjald.

Dráttarvextir skulu vera 2% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Öllum þeim, er lán fá að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lána-

flokka, sem taldir eru í B-lið 2. gr. reglugerðarinnar, skal skylt að taka 25 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni og fer um þau atriði eftir þeim vísitölutryggðu lánum, sem sjóðurinn hefur til endurlána hverju sinni.

Lánsaskilyrði samkvæmt þremur síðustu málsgreinum hér á undan skulu þó aðeins taka til lána, sem veitt eru eftir 1. nóvember 1974.

Frá og með 10. febrúar 1978 gildir eftirfarandi um þennan lánaflokk:

- a) Flokkur þessi er til endurlána á vísitölutryggðum lánum, svo og til verðtryggingar opinberra framlaga, tekjustofna og eigin aflafjár, sem sjóðnum verður handbært hverju sinni.
- b) Öllum lántakendum sem loforð fá eða hafa fengið um lán, sem falla undir lána-flokka sem taldir eru í 2. gr. og 9. gr., annan en þann sem talinn er í 9. tölulið A-liðar 2. greinar, skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni. Skal stjórnin hverju sinni ákveða hundraðshluta þennan sérstaklega fyrir skipalán og sérstaklega fyrir fasteignalán.
- c) Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og skal það vera aðalregla að þau séu til jafn langs tíma og samhliða lánin. Þó er heimilt að hafa lánin úr þessum flokki til skemmri tíma og verða þá afborganir af samhliða láninu lægri þann tíma, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfn-um afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.
- d) Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilli við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu há, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.
- e) Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 1½ mánuði fyrir gjalddaga. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitölulág og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna. Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lána-flokkum.
- f) Gjaldþaga vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni.

#### 8. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur á árinu 1975 opnað nýjan lánaflokk vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs og fiskvinnslu úr lausaskuldum í lengri lán.

Framkvæmd lánveitinga úr þessum flokki skal vera á þann veg, að viðskipta-bankar lántakenda geri tillögur um fjárhæð veðskuldabréfa sem heir taka við af viðskiptamönnum sínum, ef stjórn Fiskveiðasjóðs fellst á kaup bréfanna.

Við ákvörðun lánveitinga verði tekið mið af stöðu og lausaskuldum lántakenda. Lánveitingar vegna lausaskulda utan bankanna skulu ákveðnar sérstaklega og miðast

heildarfjárhæð þeirra við það fé, sem til þeirra er ætlað úr Gengishagnaðarsjóði og endurgreiðast lán þessi á 2 árum.

Lán vegna lausaskulda innan bankanna endurgreiðast að jafnaði á fimm árum, en geta í sérstökum tilvikum verið til lengri tíma, þó aldrei til lengri tíma en tíu ára.

Lán úr þessum flokki skulu tryggð með fyrsta eða fyrsta samhliða veðrétti í fiskiskipum eða með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda innan við 60% af matsverði þess. Við veðsetningu skal þess gætt, að til tryggingar hverju skuldabréfi sé aðeins veðsett eitt fiskiskip og/eða ein eða fleiri fasteignir sama aðila.

Auk áðurgreindra veðtrygginga skulu viðkomandi viðskiptabankar takast á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri og skaðlausri fullnustu lántakenda við Fiskveiðasjóð.

Gjalddagar lána úr þessum flokki, skulu vera 1. maí ár hvert.

Vextir af lánnum úr þessum flokki skulu vera 16% ársvextir og greiðast þeir eftir á 1. maí ár hvert. Hækki eða lækki almennir útlánsvextir, skulu vextirnir breytast í samræmi við það.

Dráttarvextir skulu reiknast 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Af lánnum úr þessum flokki skal greiða við afgreiðslu 1% lántökugjald.

Fiskveiðasjóður skal fjármagna lánveitingar úr þessum flokki með því að gefa út skuldabréf, sem hann afhendir viðskiptabönkunum. Skuldabréf þessi skulu samantlagt verða jafnhá útlánunum og til nákvæmlega jafn langs tíma og þau. Fiskveiðasjóður greiði þó aldrei af þeim bréfum, er hann þannig gefur út, hærri fjárhæð í afborganir og vexti, en hann hefur á hverjum tíma innheimt af sjálfum útlánunum.

Gengið er út frá því, að Seðlabanki Íslands endurkaupi þau skuldabréf, er Fiskveiðasjóður hefur samkvæmt ofanskráðu gefið út og afhent viðskiptabönkunum og verða þau þá með sjálfskuldarábyrgð viðkomandi viðskiptabanka.

Allar lánveitingar og skuldabréfaskipti sem fjallað er um í þessari grein, fóru fram á árinu 1975 og fyrri hluta árs 1976.

### 9. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að opna nýjan lánaflökk vegna kaupa á eldri fiskiskipum og mega þau lán nema hæst ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánnum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

Lán þessi ná einvörðungu til þilskipa (eik og stál) 12 rúmlesta og stærri, innan við 25 ára aldur.

Við lánsákvörðun skal liggja fyrir kaupverð skipsins, váttryggingarvirðing og umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins um ástand skipsins.

Lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti í skipinu.

Lengstur lánstími er 5 ár, en ákvarðast að öðru leyti af aldri skipsins. Vextir af lánnum þessum skulu vera þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

Öllum lántakendum, sem loforð fá um lán eða hafa fengið úr þessum lánaflokki skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni með vísitölutrygðum lánnum.

Lántökugjöld er gilda um aðra lánaflökka skulu einnig gilda um lán úr þessum lánaflokki.

Þegar lán hefur verið veitt út á skip úr þessum lánaflokki, skal eigi lánað út á það aftur fyrr en eldra lánið er greitt að fullu, og það afmáð úr veðmálabókum.

### 10. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur í hverju tilvikum áskilið, að erlent lán fáiast vegna nýsmíði eða meiriháttar endurbóta innanlands.

Um tilhögun slíkra lánveitinga fer eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 153 18. apríl 1978 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka og regugerð nr. 146 2. mars 1979, um breytingu á reglugerð nr. 153 18. apríl 1978, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1979.*

**Kjartan Jóhannsson.**

*Þórður Ásgeirsson.*

3. júlí 1979.

Nr. 279.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

## 1. gr.

7. gr. orðist svo:

Á veitingastað, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, mega veitingar áfengis fara fram sem hér segir:

1. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.
2. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 aðra daga og þá aðeins til matargesta. Vínstúkum skal þó loka kl. 13.00.
3. Frá kl. 18.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar.

Ennfremur er heimilt að veita áfengi á herbergi til dvalargesta á gistihúsi frá kl. 14.30 til kl. 18.00.

Þar sem heimilt er að hafa veitingastaði opna lengur en til kl. 23.30 samkvæmt staðbundnum reglum er heimilt að veita áfengi meðan veitingastaður er opin, þó ekki lengur en til kl. 02.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, en til kl. 00.30 aðra daga.

Lögreglustjóri getur leyft, að veitingar áfengis fari fram á öðrum tíma en að framan greinir, er sérstaklega stendur á, þó ekki lengur en svo, að áfengisveitingum sé hætt hálfri klukkustund áður en skemmtun, dansleik eða samkvæmi lýkur.

Fyrri helgidag stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadag jóla og föstudaginn langa er einungis heimilt að veita borðvín með mat á reglulegum matmálistíma, kl. 12.00 til kl. 13.30 og kl. 19.00 til kl. 21.00.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 16. júlí 1979.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. júlí 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Hjalti Zophoníasson.*